

Endurupptaka máls 51/2007 hjá mannanafnanefnd

28. janúar 2008

Kæri móttakandi.

Með tilvísun í 24. grein stjórnslulaga, þá óskar undirritaður hér með eftir endurupptöku máls 51/2007 sem var til meðferðar hjá mannanafnanefnd. Telur hann að beiðnin uppfylli skilyrði til slíkrar endurupptöku þar sem ákvörðun nefndarinnar byggist á röngum upplýsingum um málsatvik ásamt því að uppgæfnar ástæður nefndarinnar fyrir höfnun hafi ekki stöð í lögum og/eða eru ekki á valdsviði hennar.

Vill undirritaður koma því á framfæri að í beiðni dags. 26. júní 2006 nefndi hann sérstaklega að millinafnið Kjarrval yrði skráð sem sérstakt millinafn. Í úrskurðarorðum mannanafnanefndar er hins vegar getið að beiðni undirritaðs snerist um skráningu þess sem almenns millinafns - sem var rangt. Telur hann að Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi látið nefndina taka fyrir málið með rangar upplýsingar undir höndum. Þessi misskilningur gæti hafa valdið því að nefndin hafi byggt úrskurð sinn á röngum upplýsingum um málsatvik sem eitt og sér heimilar endurupptöku málsins.

Í bréfi frá mannanafnanefnd til Þjóðskrár dags. 20. nóvember 2006 var úrskurðað um að undirrituðum hafi verið heimilt að taka upp Kjarrval sem sérstakt millinafn en því hafnað sem almennu millinafni. Hins vegar eftir að Dóms- og kirkjumálaráðuneytið óskaði að eigin frumkvæði eftir endurupptöku, þá var beiðninni hafnað og þar að auki bætt við því að ástæðan hafi verið vegna líkinda við framburð ættarnafnsins Kjarrval en þess var ekki getið í fyrsta úrskurði máls 51/2007. Skv. þeim gögnum sem voru lögð inn, þá var búið að sýna fram á rétt undirritaðs til nafnsins. Er þess krafist að mannanafnanefnd útskýri þetta ósamræmi.

Í úrskurði nefndarinnar 30. október sl. vísar nefndin í 7. gr. laga um mannanöfn og einnig 24. gr. sömu laga sem rökstuðning fyrir höfnun millinafnsins vegna líkinda í framburði á ættarnafninu Kjarrval. Þessum rökstuðningi er mótmælt þar sem ekki er um að ræða sama nafnið og á því ákvæði 7. gr. ekki við í þessu tilfalli. Með vísan í 24. gr. er nefndin að stíga út fyrir sitt valdsvið þar sem hún á ekki að dæma hvort um sé að ræða slík tilvik sem getur í lagagreininni eða ekki þar sem það er hlutverk dómstóla ef til þess kæmi. Nefndin gefur engin dæmi fyrir því hvernig líkindi í framburði réttlæti það að hafna beiðni undirritaðs. Einnig má benda á að nefndin hefur gefið út mörg samþykki fyrir aðra rithætti eiginnaafna og fært þá í mannanafnaskrá. Eru því komin fjölmörg fordæmi fyrir því að nefndin samþykki nöfn sem eru lík öðrum og hafa stundum sama eða mjög líkan framburð. Ekki er séð að hvaða leyti það skipti máli að framburður millinafnsins Kjarrval sé líkur ættarnafninu Kjarrval frekar en þegar um sé að ræða öðruvísi rithætti eiginnaafna. Að auki er ekki að finna lagaákvæði sem gefur nefndinni heimild til þess að hafna nafnabreytingum af þeirri ástæðu að um sé að ræða nöfn með líkan framburð. Sé nefndin ósammála þessu, þá krefst undirritaður að nefndin færi rök fyrir því.

Í úrskurði dags. 30. október sl. er getið þess að Kjarrval uppfylli almenn skilyrði laga um mannanöfn sem millinafn. Skv. 5. mgr. 13. gr. laga um mannanöfn er skilyrði fyrir því að eiginnaafni eða millinafni sé bætt við að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Það er því ekki skilyrði skv. lögum um mannanöfn að nefndin verði að færa nafnið í mannanafnaskrá áður en hún getur leyft notkun þess sem almenns millinafns. Fer undirritaður fram á að mannanafnanefnd samþykki að hann megi bera millinafnið Kjarrval án þess að það verði fært í mannanafnaskrá.